




Bátarnir eru frosnir inni.

Ljósm.: E. D.

Listkynning haldin á Blönduósi

LISTKYNNING á vegum Kven félagasambands í Austur-Húnavatnssýslu fór fram í Félagsheimilinu á Blönduósi um síðustu helgi, en formaður sambandsins er Elísabet Sigurgeirsdóttir. Blaðið hafði samband við hana að sýningu lokinni og leitaði fréttu af þessum atburði. Henni sagðist efnislega svo frá:

Á þessari listkynningu voru málverk, höggmyndir, svartlist, húsagerðarlist og listvefnaður og var sýningin sett upp í félagsheimilinu hér á Blönduósi og opnuð á laugardaginn og stóð hún í tvo daga.

Aðsóknin var sérstaklega mikil og hefur verið gízkað á, að um eitt þúsund manns hafi

komið á þessa sýningu. Við setninguna söng Karlaóór Bólstaðar hlíðarhrepps og einnig Vökumenn, en ég setti sýninguna með nokkrum orðum. Steinunn Finnbogadóttir borgarfulltrúi í Reykjavík flutti ávarp, en hún var stöð okkar og stytta við allan undirbúning, en síðast og ekki sízt fengum við blásarakvintett frá Sinfóníuhljómsveit Íslands til að leika við þetta tækifæri.

Á sunnudaginn var börnum skólanna í báðum Húnavatnssýslum boðið, ásamt kennurum, á sýninguna og komu margir skólahópar. Enginn aðgangseyrir var greiddur, hvorki fyrir börn eða fullorðna. Menntamála ráð veitti okkur nokkurn styrk og Menningarsjóður félagsheimila einnig, en auk þess margir einstaklingar. Eyborg Guðmundsdóttir listmálari sá um útgáfu á vandaðri sýningarskrá og hún sá um uppsetningu sýningarinnar og val á listaverkum. Elzti gesturinn var Halldóra Bjarnadóttir, nær 100 ára, kát og hress að vanda.

Við höfðum sérstakt prógramm, sérstaklega ætlað þeim yngri. Drengir úr tónlistarskól-

anum léku og unglingar frá unglingaskólanum sýndu fallega táningadansa.

Þessi sýning, sem fólk tók alveg framúrskarandi vel, fer svo til Sauðárkróks, Húsavíkur og Selfoss. □

Nýja stangveiðifélagið Ármenn

STOFNAÐ hefur verið í Reykjavík áhugamannafélag stangveiðimanna er heitir Ármenn. Tilgangur þess er að sameina sem flesta fluguveiðimenn landsins í eitt félag, auka hröður þeirrar íþróttar að veiða vatnafiska á flugu, stuðla að náttúruvernd, vinna gegn rányrkju og vinna að því, að sem flestum Íslendingum verði gert mögulegt að veiða í íslenskum ám og vötnum. Mun félagið ætla að taka á leigu veiðiár í þessu augnamiði til sanngjarnrar framleiðu, að koma upp aðstöðu til fiskræktar, eitt sér eða með öðrum. Félagar hins nýja félags verða að skuldbinda sig við að veiða eingöngu á flugu á veiðisvæðum félagsins.

Í trausti þess að á Akureyri séu margir áhugamenn um veiði á þessum grundvelli, ætla forráðamenn hins nýstofnaða félags að efna til fundar á Akureyri innan skamms, e. t. v. á laugardaginn, til skrafs og ráða gerða með áhugamönnum. Þá hefur félagið í hyggju að halda námskeið í fluguköstum og kynna málstað sinn á annan hátt.

Stjórn Ármenna skipa: Jón Hjartarson viðskiptafræðingur, Vilhjálmur Lúðvíksson efna-
verkræðingur, Bjarni Kristjánson rektor, Jón Ingimarsson lögfræðingur og Árni Guðjónsson húsgagnasmíður.

Nánar í laugardagsblaðinu.

laust að láta þær inn fyrir sínar varir.

Á sama tíma og hér um ræðir, frá nóv. 1970 til marz 1973, hefur tímakaupið hækkað hjá verkamnum í dagvinnu um 60% og laun opinberra starfsmanna um 80%.

Íhaldskonurnar í Reykjavík, sem nú biðja kynsystur sínar að borða nú heldur fisk en kjöt aðra hvora viku, ættu að vita það, að ýsan hefur á umræddum tíma, slægð og hausuð, hækkað í verði um 68%, þorsklökin um 44% og saltfiskurinn um 45%, stráskykurinn um 115%.

TOGGI GAMLI

Fræg er sagan af Togga gamla, sem seldi fleiri en einum sömu kvíguna. Eftirþanka fékk hann þó af þessu, tók kvíguna og át hana. Toggi var þorpari í viðskiptum. En ýmsir feta í fótspor hans þótt þeir selji ekki kvígur, heldur vinnu sína og starfskrafta, og eru þess t. d. dæmi, að menn hafa látið skrá sig samtímis á tveim vinnustöðum til að fá tvöfalt kaup.

NÝIR TOGGAR

Eyfirðingur sagði frá því nýlega, hve honum gekk illa að hitta nokkra málsmetandi menn á Akureyri á vinnutíma. Þeir voru alls ekki við og þó frískir vel, en voru að sinna öðrum launuðum störfum á sama tíma. Hér er ekki ætlunin að nefna dæmi um hina nýju Togga, en þeir munu vera fleiri en margir ætla. Þess ber þó að geta, að margir eru kallaðir til opinberra starfa og mega ekki undan skorast. En það er í hæsta máta einkennilegt, að menn geti, fremur en Toggi, selt mörg um sömu kvíguna, þótt aldrei nema hún sé kölluð öðru nafni. (Framhald á blaðsíðu 4)

TOGARAFLOTINN

TOGARARNIR eru nú sem öðast að halda á miðin, sumir farnir fyrir fáum dögum en aðrir að undirbúa sig. Látlaust hefur verið auglýst eftir mönnum í skiprúm, bæði norðanlands og sunnan. □

LOÐNUAFLINN

UM síðustu helgi var loðnuafllinn orðinn 378 þúsund tonn eða um 100 þúsund meiri en allur loðnuafllinn á síðasta metári. Og enn veiðist loðnan, einkum á Faxaflóa og út af Jökli. Loðnu mjölið hefur allt verið selt fyrir fram við góðu verði.

Mörg skipin eru hætt veiðum, enda víða að glæðast þorskafllinn og snúa skipin sér þá þegar að þeim veiðum. □

„BRÉF FYRIR BÖRN“ Á VEGUM ÆSK

Á VEGUM Æ.S.K. í Hólastifti (Æskulýðssambands kirkjunnar í Hólastifti) er gefið út „Bréf“ — fyrir börn. Er hér um að ræða bréflagt samband barna við bréfaskóla Æ.S.K., sem hinn kunnir barnafræðari og rithöfundur séra Jón Kr. Ís-feld prestur í Búðardal stýrir.

Börnin fá sent bréfið frá skólunum þar sem þau hafa ýmislegt lestrarefni til fróðleiks, uppbyggingar og tómstunda-

íðju. Börnin svara síðan spurningum bréfsins.

Þeir foreldrar í sveit eða bæ, sem óska eftir að börn þeirra taki þátt í þessu bréfasambandi, eru beðnir að tilkynna það afgreiðslumanni Bréfsins, Jóni A. Jónssyni, Hafnarstræti 107, Akureyri, sími 11532.

Fyrsta Bréf þessa árgangs er að koma út og mun bráðlega sent til barnanna.

(Frá bréfaskólanefnd)

ÞAD bar til tíðinda á Alþingi á mánudaginn, að húsmæður fjölmenntu þangað og fylltu þingpalla, samkvæmt áskorun kvenna þeirra í Reykjavík, sem

gangast fyrir því um þessar mundir, að ekki séu borðaðar landbúnaðarvörur nema aðra hvora viku. En konur úr þrem hreppum Árnessýslu voru fljótari til og slógu skjaldborg um fremstu bekk þingpallanna í neðri deild og komust því ekki nema fáar reykvískar konur þar fyrir og stóðu þær því úti fyrir þinghúsinu. Virtist þessi nærvera húsmæðra hafa örvandi áhrif á málgleði þingmanna, en þeir héldu uppi umræðum utan dagskrár í tvær klukkustundir, einkum um verðlagsmál búvara o. fl.

En umræðan utan dagskrár hófst með því, að Jónas Árnason kvaddi sér hljóðs og bauð konur á þingpöllum velkomnar,

sérstaklega húsmæður úr Árnessýslu og kvað það einsdæmi í þingsögunni, að húsmæður utan af landi kæmu um langan veg til að mæta á þingpöllum. Hann las síðan upp orðsendingu frá húsmæðrunum að austan, sem bentu á, að landbúnaðarvörur hefðu ekki hækkað meira í verði en aðrar vörur og fiskur hefði hækkað meira en kjöt. Þær furða sig á, að nokkrar reykvískar húsmæður skyldu skora á fólk að hætta að borða landbúnaðarafurðir en neyta í staðinn bæði dýrari og óhollari fæðu, og síðan sagði orðrétt:

„Við sveitakonur, sem vinnum að framleiðslustörfum, samhliða húsmóðurstörfum, litum

svo á, að þarna sé verið að ráðast á okkar stétt og það af þeim, sem sízt skyldi. Þessar konur eru að sjálfsögðu sjálfráðar um það hversu dýran og óhollan mál þær gefa börnum sínum, en við mótmælum hótun þeirra gegn íslensku bændafólki.

Við álitum, að það væri nær að hætta að kaupa brezkur og vestur-þýzkar vörur á meðan þær þjóðir stunda ólöglegar veiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Við skorum á konur að sniðganga brezkar og vestur-þýzkar vörur, þar til samningar hafa tekizt í fiskveiðideilunni. Við skorum á konur, að kaupa ávallt íslenskar vörur, þegar verð þeirra og gæði standast samanburð erlendrar vöru.“ □